

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur þriðjudaginn 15. júlí 2008 í máli nr. E-7818/2006:

K

(Oddgeir Einarsson hdl.)

gegn

M

(Guðmundur Ómar Hafsteinsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 19. júní 2008, er höfðað 15. desember 2006.

Stefnandi er K, [heimilisfang].

Stefndi er M, [heimilisfang].

Stefnandi krefst þess að samningi aðila um sameiginlega forsjá verði slitið með dómi og að henni verði falin forsjá sona hennar og stefnda, þeirra A, sem fæddur sé [...] 2000 og B, sem fæddur sé [...] 2002, til 18 ára aldurs þeirra. Einnig krefst hún þess að í dómi verði kveðið á um inntak umgengnisréttar þess foreldris sem ekki fái forsjá drengjanna. Þá krefst hún málskostnaðar án tillits til gjafsóknar sem henni hefur verið veitt hér fyrir dómi.

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda og að honum verði dæmd forsjá drengjanna og að stefnanda verði gert að greiða með þeim lágmarksmeðlag, eins og það sé ákveðið hverju sinni af Tryggingastofnun ríkisins, frá dómsuppsögu til fullnaðs 18 ára aldurs þeirra. Einnig krefst stefndi þess að kveðið verði á um tilhögun umgengni milli barnanna og þess foreldris sem ekki fái forsjá þeirra. Þá krefst hann málskostnaðar.

Undir meðferð málsins kröfðust báðir aðilar þess að þeim yrði fengin forsjá drengjanna til bráðabirgða á meðan á meðferð málsins stæði. Var kröfum beggja hafnað með úrskurði dómsins 7. maí 2007, en kveðið á um fyrirkomulag umgengni meðan á rekstri málsins stæði með nánar tilgreindum hætti. Úrskurður dómsins var staðfestur með dómi Hæstaréttar 4. júní sama ár.

Í stefnu segir um málsatvik að málsaðilar hafi hafið sambúð árið 1993, en hafi slitið henni 2001 um hálfu ári áður en yngri drengurinn fæddist. Við sambúðarslitin hafi þau gert með sér samning þess efnis að forsjá drengjanna skyldi vera sameiginleg en að lögheimili þeirra væri hjá stefnanda. Stefnandi kveðst telja að forsendur samkomulagsins séu nú brostnar vegna mjög erfiðra samskipta aðila og vegna fleiri atriða sem til meðferðar séu hjá barnaverndaryfirvöldum og lögreglu. Drengirnir hafi ávallt verið í nokkuð reglulegri umgengni hjá stefnda þrátt fyrir að ekkert skriflegt samkomulag hafi verið gert þess efnis á sínum tíma. Til að byrja með hafi umgengnin verið algerlega að frumkvæði stefnanda enda hafi hún talið mikilvægt að drengirnir kynntust föður sínum og hefðu reglulega umgengni við hann. Fyrir liggir að drengirnir hafi verið mjög ungir að árum þegar aðilar hafi slitið samvistum eins og þegar hafi verið lýst. Stefndi hafi ekki til að byrja með sýnt mikinn áhuga og hafi umgengnin þess vegna framanaf verið stopul, kannski laugardagur og/eða sunnudagur aðra hvora helgi. Umgengnin hafi svo aukist smátt og smátt.

Stefnandi kveður samskipti málsaðila hafa verið erfið og að stefndi hafi haft í hótunum við sig, kúgað sig og beitt sig andlegu ofbeldi. Í ofanálag hafi drengjunum skyndilega farið að líða illa í umgengni hjá stefnda og sambýliskonu hans. Hafi eldri drengurinn neitað að fara til föður síns í umgengni og segi að stefndi og konan hans séu vond við sig. Hafi yngri drengurinn haft samskonar sögur að segja og hafi hann einnig neitað að fara til stefnda í umgengni. Hafi drengirnir báðir verið lengi að jafna sig eftir umgengni hjá stefnda og hafi verið í miklu uppnámi. Hafi stefnandi haft verulegar áhyggjur af líðan þeirra og hafi ástandið verið orðið það slæmt að hún hafi stöðvað umgengnina tímabundið enda hafi henni fundist ófært að leggja það á drengina að fara í umgengni til stefnda undir þessum kringumstæðum. Eldri drengurinn harðneiti enn allri umgengni við föður sinn og telji stefnandi það sönnun þess að eitthvað mikið sé að í samskiptum stefnda við syni sína. Málefni mannsins og aðstæður hans séu til rannsóknar og meðferðar hjá barnaverndaryfirvöldum.

Stefnandi hafi óskað eftir breytingu á forsjárskipaninni með bréfi til stefnda 6. september 2006. Stefndi hafi hafnað því með bréfi 13. sama mánaðar. Þar sem stefndi hafi ekki viljað fallast á breytingu á forsjánni sé stefnanda nauðugur einn kostur að höfða forsjármál til að slíta sameiginlegri forsjá aðila enda telji hún forsendur sameiginlegrar forsjár brostnar og að hagsmunir barnanna séu best tryggðir með þeim hætti að hún fari ein með forsjá þeirra.

Í greinargerð stefnda kemur fram að hann telji að ekkert sérstakt atvik hafi valdið sambúðarslitum aðila heldur hafi þau fjarlægst hvort annað með árunum og að lokum orðið sammála að skilja sem vinir. Hafi stefndi til dæmis verði viðstaddur fæðingu B og í raun og veru hafi umgengnin almennt séð gengið mjög vel fyrstu árin.

Eins og eðlilegt sé hafi hann ekki tekið B til sín með A meðan hann hafi verið ungbarn, en strax þegar hann hafi verið orðinn um átta mánaða hafi stefndi farið að taka þá báða til sín aðra hverja helgi. Þá hafi stefnandi búið í C en hann í D. Á tímabili hafi samskiptin versnað nokkuð en þá hafi stefnandi búið með manni, E að nafni, og hafi drengirnir kvartað undan honum við föður sinn. Þegar sambúð stefnanda og þess manns hafi lokið hafi hún átt í miklum erfiðleikum sem lyktað

hafi með því að hún hafi lagst inn á geðdeild. Stefndi hafi heimsótt hana þangað og hafi tekist með þeim sættir á ný og kveður stefndi að í framhaldi af því hafi drengirnir verið mikið hjá honum og hafi það gengið prýðilega. Um svipað leyti eða árið 2004 hafi stefndi byrjað sambúð með núverðandi sambýliskonu sinni, F og hafi þau eignast dreng, G, í febrúar 2005.

Hafi drengirnir verið mjög hrifnir af litla bróður sínum, stoltir og ánægðir og duglegir að gæta hans. Til marks um það hve vel samskiptin hafi gengið þá hafi stefnandi boðið stefnda og sambýliskonu hans árið 2005 að koma með á það sem kallað sé „vordagur“ í leikskólanum og síðar sama ár hafi þær farið saman með drengina á ljósmyndastofu, stefnandi og F og hafi hjálpast að við myndatökuna. Hafi þau stefndi og kona hans verið mjög ánægð með það hvað samvinna allra hafi verið góð. Sumarið 2005 hafi stefndi og sambýliskona hans farið með alla drengina saman í sumarfrí, fyrst í viku til Akureyrar og síðan til Spánar í tvær vikur og hafi þau átt frábært frí saman. Meðan þau hafi verið á Spáni hafi stefndi gætt þess sérstaklega að láta drengina hringja í móður sína á nokkurra daga fresti og leyfa henni þannig að fylgjast með þeim.

Kveður stefndi að þessi atriði séu hér tíunduð til þess að sýna fram á hve vel samskiptin hafi gengið þar til allt í einu vorið 2006 að breyting hafi orðið á af hálfu stefnanda, en um það leyti muni hafa komið nýr maður inn í líf hennar. Framkoma stefnanda gagnvart stefnda og konu hans hafi gjörbreyst og telji stefndi þennan mann stjórna heimilinu og öllum hennar gerðum. Hafi stefndi ekki fengið syni sína til sín síðan 11. ágúst sl. Kveðst stefndi fullyrða að foreldrar stefnanda séu sér sammála hvað þetta varði.

Fyrir liggi í málinu fjöldi skjala sem sýni það að drengirnir eigi mjög undir högg að sækja. Telji stefndi andlega líðan þeirra slæma og að þeir séu í hættu að bíða varanlegan skaða af ástandi á núverandi heimili sínu.

Fyrst skuli telja þrjár tilkynningar til barnaverndarnefndar um vanrækslu og eftirlit:

Í þeirri fyrstu 7. september 2006 tilkynni móðurafi drengjanna, H, faðir stefnanda, að ekki sé allt með felldu á heimili drengjanna. Orðrétt segi: „Móður sé haldið í gíslingu af sambýlismanni. Hann segir að hún sé orðin óörugg með líðan sína og að það bitni á drengjunum. Um er að ræða sambýlismann að nafni I sem er lyfjasjúklingur. Móðurafi segir að hann hafi ekki góð áhrif á drengina, liggi inni í rúmi og þegar reynt sé að hafa sambandi við heimilið heyrast öskur í I. Móðurafi telur að það þurfi að koma sambýlismanni út af heimilinu. Á meðan hann er á heimilinu geti móðir ekki hugsað um drengina sína.“

Í annarri tilkynningu til barnaverndarnefndar 9. október 2006 segi orðrétt:

„Tilkynnt er undir nafnleynd. Tilkynnandi hefur áhyggjur af eiturlyfjanotkun á heimilinu. Áhyggjur eru af strákunum í þessu ástandi á meðan maðurinn býr á heimilinu.“

Í þriðju tilkynningunni sem einnig sé undir nafnleynd segi orðrétt:

„Tilkynnandi hefur áhyggjur af því drengirnir fái ekki að fara út að leika sér. Þá segir tilkynnandi að sambýlismaður móður, I sé handrukkari.“

Gott samband hafi áður verið milli stefnanda og móður stefnda J og hafi drengirnir haft náið samband við föðurömmu sína. Tilraunir hennar til að nálgast drengina hafi engan árangur borið. Í yfirlýsingu frá J sem lögð sé fram í málinu segist hún hafa hringt á heimili stefnanda til að ná tali af drengjunum eða fréttu af þeim, en stefnandi hafi skellt á sig. Stuttu seinna hafi hringt karlmaður úr sama símanúmeri og hótad henni lögreglu, lögfræðingi og alþjóðadómstólum.

Sem dæmi um stjórnina á heimilinu nefnir stefndi að í október 2006 hafi þau málsaðilar mætt á fund hjá K fulltrúa barnaverndarnefndar og hafi þá tekist samkomulag milli þeirra um umgengni hans við drengina. Síðan hafi stefnandi farið heim, skipt þá um skoðun og krafist þess enn fremur að nefnd K kæmi ekki nálægt málinu meira.

Þessar lýsingar sýni að börnunum sé haldið í eins konar gíslingu, ekki eingöngu gagnvart föður sínum og hans fjölskyldu heldur virðist einnig hafa rofnað samband þeirra við móðurfjölskylduna, en þau eigi gott samband við stefnda og hafi miklar áhyggjur af drengjunum.

Þegar stefndi hafi reynt að fá upplýsingar um drengina hjá skólunum eða heimsækja þá í skólana hafi honum verið hótad lögreglu og barnaverndarnefnd og látið verða af því. Þannig hafi þann 28. ágúst 2006 komið tilkynning um það til barnaverndarnefndar að tilkynnandi hefði áhyggjur af því að drengirnir hefðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi hjá föður þeirra. Nánar tiltekið hafi hún sagt að drengirnir hefðu sett hendur í klof sitt og að þeir pissuðu undir og fengju martraðir.

Stefndi kveðst mótmæla þessum tilbúnu ásökunum harðlega og kveði þær gjörsamlega tilhæfulausar og settar fram í þeim tilgangi einum að hafa af stefnda umgengni og samneyti við syni sína.

Beri þau bæði, hann og sambýliskona hans að drengirnir pissi aldrei undir þegar þeir séu hjá þeim, ekki beri á svefntruflunum og þeir hafi alla tíð verið mjög ánægðir á heimili þeirra.

Tekin hafi verið skýrsla af báðum drengjunum í Barnahúsi og hafi niðurstaða greiningar verið sú að ekkert í frásögn þeirra gæfi tilefni til þess að ætla að þeir hefðu orðið fyrir kynferðisbroti og sé málinu lokið af hálfu Barnahúss eins og fram komi í skjölum málsins.

Ekki hafi stefnandi látið þar við sitja heldur hafi hún kært stefnda fyrir lögreglu og hafi viljað nálgunarbann á hann, þegar hann hafi reynt að ná sambandi við hana í síma eða með SMS skilaboðum til að fá að umgangast börn sín. Hafi sú tilraun vitanlega heldur engan árangur borið hjá stefnanda og hafi málinu verið vísað frá embætti lögreglustjóra.

Í gögnum málsins sé skýrsla L-skóla varðandi A og segi þar að hann eigi við hegðunarvandamál að stríða. Framkoma hans beri vott um vanlíðan og að hann sé truflandi og aðlögun í félagahópi hafi ekki gengið sem skyldi. Drengurinn sé sagður

koma mjög oft of seint og sé fjarverandi án leyfis. Hann sé verulega á eftir jafnöldrum í námi. Þá segi að móðir hafi sérstaklega óskað eftir því að faðir fengi ekki upplýsingar um námsgengi drengsins eða veru hans í skólanum yfirleitt. Samskipti milli skóla og föður hafi gengið vel, hann hafi komið á tvo fundi í skólanum sem hafi gengið vel.

Í athugun Miðstöðvar heilsuverndar barna við Barónsstíg komi meðal annars fram að drengurinn fái reiðiköst og sé árásargjarn og sé mikið að lemja og meiða bróður sinn. Hann sé viðkvæmur og eigi við vanlíðan að stríða.

Stefnandi hafi þrívægis á stuttum tíma látið A skipta um skóla, þ.e. L-skóla, M-skóla og N-skóla og megi nærri geta að ekki hafi það haft góð áhrif á félagsleg tengsl hans eða andlegt ástand yfirleitt. Allir þessir flutningar milli skóla hafi átt sér stað án nokkurs samráðs við föður en þau hafi sameiginlega forsjá drengjanna.

Í umsögn Menntasviðs Reykjavíkurborgar um B komi einnig fram meðal annars að hann eigi í erfiðleikum með samskipti við önnur börn og lendi því í árekstrum og útistöðum við þau og berji þá frá sér.

Eins og fyrr segi komi fram í gögnum málsins meðal annars hjá föður stefnanda að sambýlismaður hennar sé I. Jafnframt komi fram í skjölum málsins, í skýrslu þeirri sem stefnandi hafi gefið hjá Barnaverndarnefnd Reykjavíkur þegar hún hafi verið spurð að því hverjir byggju á heimili hennar, að það sé aðeins hún og drengirnir. Það liggja fyrir að þau séu ekki í skráðri sambúð og að hann hafi ekki lögheimili sitt hjá stefnanda heldur sé hann samkvæmt íbúaskrá óstaðsettur í hús.

Stefndi sé þeirrar skoðunar að væri stefnandi ein með drengina myndi ekki vera um nein samskiptavandamál að ræða.

II.

Í aðilaskýrslu sinni kvað stefnandi heimilisaðstæður sínar góðar, hún leigði fjögurra herbergja í búð hjá félagsbústöðum í Reykjavík. Hún hafi óskað eftir að flytjast nær skóla drengjanna en ekki sé ljóst hvenær og hvort það verði. Hún lýsti sambandi sínu við I þannig að þau séu mjög góðir vinir og hann hafi verið að hjálpa henni. Hún kvað I mjög skemmtilegan og góðan við strákana. Hún kvaðst hafna alfarið ávirðingum sem á hana og I hafi verið bornar um meðferð fíkniefna. Taldi hún líklegar ástæður fyrir þessum ávirðingum vera óvild fyrrverandi vinkonu sinnar, vitnisins O, en deilur hafi komið upp milli þeirra vegna uppgjors á símareikningi að fjárhæð um 200.000 krónur.

Stefnandi kvað upphaf málsins vera að A hafi haft orð á því við sig að pabbi hans væri að gera vont við tippið á sér. Hafi hún leitað sér aðstoðar vegna þessa og hafi haft samband við Barnavernd og þar hafi henni verið bent á það að stoppa alla umgengni og hafi hún gert það. A hafi farið í Barnahús og þar hafi niðurstaðan verið að ekki hafi verið hægt að sanna eða afsanna kynferðislegt ofbeldi, en fyrir liggja önnur beiðni um viðtal í Barnahúsi. Kvað hún A oft minnast á þetta og síðast fyrir síðustu helgi. Stefnandi kvað drengina bregðast þannig við þegar þeir eigi að fara til föður síns að A standi svipbrigðalaus á ganginum og tárin leki niður andlitið

og vilji ekki fara. Hann eigi til að umturnast og vilja ekki fara og biðji mikið um það að þurfa ekki að fara til pabba síns. Þetta sé ennþá þannig, til dæmis núna síðasta föstudag hafi hann sagt að hann ætlaði ekki að sofa heima hjá pabba sínum. Kvað stefnandi að hún hefði þurft að útskýra fyrir honum að það væri hennar skylda, eins og staðan væri, að láta hann fara. Kvað hún að þessi viðbrögð hafi staðið nokkuð í stað en A fari til pabba síns til að passa upp á litla bróður sinn, B. Um viðbrögð B kvað stefnandi að hann hefði gaman af því að hitta litla bróður sinn, G, en hann tali mikið um að pabbi sinn sé mikið að bulla í sér og honum finnist það mjög leiðinlegt. Kvaðst stefnandi aðspurð ekki tala illa um stefnda í eyru drengjanna og passa upp á að það sé ekki gert. Hún kvað framkomu stefnda hafa verið mjög lélega í sinn garð á meðan málið hafi verið til meðferðar. Nánar aðspurð um það í hverju það lýsti sér sagði hún: „ef ég er að tala við hann þá situr hann svona og glottir... það virðist eins og ég geti ekki átt nein samskipti við hann. Ekki að nokkru leyti.“ Aðspurð um það hvort, ef henni yrði dæmd forsjá, hvort hún myndi torvelda umgengni sem yrði dæmd, kvað hún nei við því þar sem hún yrði að hlíta því að börnin eigi rétt á að kynnast báðum foreldrum og að hún muni ekki stoppa neina umgengni. Hún kvað að hún hefði ekki fengið nein svör frá BUGL varðandi greiningu á A, en það liggi fyrir beiðni þar inni. Kvað hún að hún teldi að A þyrfti að fá greiningu en það hefði verið skoðanamunur á því hvernig sú greining eigi að fara fram. Hafi hún helst viljað að greiningin færi fram á dagsstatus, en þeir hafi viljað leggja hann inn. Þarna hafi málið stoppað þar sem A hafi ekki verið tilbúinn til að leggjast inn. Hann sé mjög viðkvæmur og hún viti ekki ennþá hvort hann muni höndla það að fara í innlögn. Hún kvaðst hins vegar myndu fara eftir því ef það væri mat fagaðila að innlagnar væri þörf. Þá kvað hún aðspurð að ekki hafi orðið samskiptaörðugleikar af hennar hálfu gagnvart Þjónustumiðstöð P heldur hafi orðið samskiptaörðugleikar á milli þjónustumiðstöðvarinnar og Barnaverndar. Hún kvaðst hafa í gær undirritað áætlun um meðferð máls hjá Barnavernd Reykjavíkur og ætlaði sér að þiggja alla þá aðstoð fagaðila sem væri í boði í tengslum við það og hlíta ráðum þeirra. Stefnandi gerði grein fyrir að hún hefði stundað störf á veitingahúsi, á fasteignasölu, stundað sölustörf úti á landi, en nú væri hún atvinnulaus, en nyti örorkubóta. Hún stefndi hins vegar á að komast af örorkubótum og í vinnu. Aðspurð kvað hún að I byggi á heimili hennar, en þau væru ekki par, þó þau hafi áður verið það um stuttan tíma. Hún kvaðst ekki vera í sambandi við pabba sinn og kvað ástæðu þess að það eina sem hún hafi fengið frá sinni fjölskyldu hafi verið að hún hafi verið brotin niður. Sama ætti við um móður hennar og systur. Stefnandi lýsti aðspurð að barnaverndartilkynning frá BUGL hefði byggst á misskilningi. Hún hefi ekki viljað að drengurinn legðist inn en hafi ekki verið að hafna þjónustunni. Þá kvað hún aðspurð að hún teldi enga ástæðu til að barnverndaryfirvöld hefðu afskipti af sínu heimili, en þeim væri frjálst að gera það. Kvaðst hún ekki telja að hún þyrfti á aðstoð að halda en hún væri tilbúin að þiggja þá þjónustu sem byðist og allt sem gæti aðstoðað börnin hennar væri bara gott, því börnin skiptu hana mestu máli. Stefnandi staðfesti það að upp úr sambandi hennar við fjölskyldu sína hafi slitnað í kjölfar þess að I hafi komið á heimilið. Aðspurð um samskiptaörðugleika við Þjónustumiðstöð P sem vísað er til í bréfi þjónustumiðstöðvar til Barnverndar Reykjavíkur 7. mars. sl. hafnaði stefnandi því að um samskiptaörðugleika sína hefði verið að ræða heldur milli stofnananna tveggja. Hafi hún fengið það útskýrt hjá félagsráðgjafa. Hafi stefnandi hringt margsinnis í þjónustumiðstöðina og lagt fyrir skilaboð án þess að fá nein viðbrögð og hafnaði því að hún hefði ekki verið til samstarfs. Nánar aðspurð um að A hafi ekki farið í greiningu á BUGL eins og til hafi staðið, kvaðst stefnandi vera sammála því að hann þyrfti á því að halda, en hafi ekki verið sammála því á hvaða

forsendum það væri gert. Aðspurð um hvernig það fari saman með því sem hún áður hafi sagt um að hlíta ráðum sérfræðinga, kvað hún að hún sem móðir vissi best hvað barninu væri fyrir bestu. Hann væri viðkvæmur og væri ekki tilbúinn að svara hverju sem væri frá hverjum sem er. Hann hafi að hennar mati ekki verið að höndla innlögn á þeim tíma, en það hefði ekki verið látið á það reyna, en hún þekki drenginn. Hún staðfesti að frá því umgengni hafi hafist að nýju hafi umgengni verið meiri en dómsniðurstaða hafi kveðið á um. Stefnandi staðfesti að hún væri með óskráðan síma og að dyrabjalla væri ekki merkt. Aðspurð um ástæður þessa kvað hún að henni fyndist þægilegra að það gæti ekki hver sem er komið inn í blokkina og farið að leita eftir einhverjum nöfnum eða annað slíkt. Stefnandi var beðin að gera grein fyrir hvað hún teldi vera að hjá drengjunum. Kvað hún að þeir væru aktívir drengir og séu á gráu svæði með ofvirkni og athyglisbrest, en það hafi líka verið mikil reiði gagnvart föður þeirra. Aðspurð kvað hún bræðurna vera samrýmda og taldi að ekki gæti komið til greina að aðskilja þá. Aðspurð um það hvernig hún vildi hafa umgengni fengi hún forsjána, taldi hún aðra hverja helgi vera meira en nóg og nefndi að eldri strákurinn vildi ekki gista hjá pabba sínu. Á hinn bóginn ef stefndi fengi forsjána kvaðst hún vilja fá sem mesta umgengni.

I gaf símaskýrslu fyrir dóminum. Hann kvaðst ekki búsettur heima hjá stefnanda en væri þar með annan fótinn, oftast væri hann á Q hjá foreldrum sínum. Hann kvaðst vera vinur stefnanda og vera stundum á heimilinu henni til aðstoðar. Hann kvað samband sitt við drengina mjög gott og kvaðst gera ýmislegt með þeim, fara með þá á flakk hingað og þangað þegar hann væri að passa þá. I kvað engan fót fyrir ávirðingum um neyslu eða meðferð fikniefna af hans hálfu. Aðspurður um útistöður við fólk sem tengdist stefnanda kvaðst hann ekki hafa verið með neinar hótanir. Það hefði hins vegar verið logið upp á hann að hann væri allt annar maður, sem væri algert rugl. Aðspurður kvaðst I vera matreiðslumaður og starfa við það annað slagið, en hann hafi átt erfitt þar sem hann hafi lent í slysi. Hann kvaðst hafa góðar tekjur. Hann kvað misjafnt hve mikið hann væri á heimili stefnanda, en það gætu verið ein til tvær vikur í mánuði að meðaltali. Hann kvaðst gæta drengjanna þegar hann væri á heimilinu. Lýsti I því að hann hefði heyrt stefnda vera með hótanir í garð stefnanda og það hafi ekki verið neitt grín. Aðspurður um það hvort þetta hefði verið svona upp á síðkastið kvað hann stefnda hafa verið með óbein skilaboð í gegn um strákana og þetta sé alveg hræðilegt hvernig stefndi sé. I kvað það rétt að hann og stefnandi hafi verið þar fyrir löngu en nú sé þau bara vinir. Hann kvaðst taka stundum þátt í rekstri heimilisins. Aðspurður varðandi það að stefnandi hafi lýst honum sem lífverði kvaðst hann hafa verið að passa hana vegna hótana stefnda og ógnandi framkomu þegar sé verið að ná í börnin. Þetta hafi byrjað með því, eins og hann hafi sagt áður, að stefndi hafi verið með hótanir og þær ekki af góðu tagi. Það sé ægilegt þegar börnin séu að koma með skilaboð um að pabbi ætli að drepa ykkur og pabbi ætli að drepa mömmu. I kvaðst aðspurður ekki ræða neikvætt við drengina um stefnda, tali hann um hann á annað borð sé það á mjög góðan hátt, um að þeir verði að rækta samband við pabba sinn og fjölskylduna. I hafnaði því að hafa haft í hótunum við móður stefnanda, en hann hafi reiðst því að haldið væri fram og bornar út sögur um að hann væri [...] hnífur, sem sé ekki rétt. Nánar útskýrði I það að um væri að ræða alnafna sinn sem þekktur sé af því að vera handrukkari og fikniefnasali. Hafi hann verið að segja henni að hún yrði að hafa þetta rétt en hann hafi ekki hótað henni með neinum hætti. Þá kannaðist I ekki við að hafa haft uppi hótanir við föður stefnanda utan að hann hefði sagst ætla að fara í meiðyrðamál við hann af því hann væri búinn að fá nóg af þessum sögusögnum. Nánar aðspurður um afstöðu sína til stöðu drengjanna í ljósi

þeirra erfiðleika sem þeir hafi átt við að stríða, kvað hann A hafa átt erfitt með að læra en þetta væri nú allt að koma hjá honum og B eigi erfitt með tal en hann sé að reyna að aðstoða hann við það. Kvaðst hann hafa alist upp með þroskaheftri systur sem hafi átt í erfiðleikum með tal og hann hafi hann hjálpað henni. Kvaðst hann vita að drengirnir þyrftu örvun og aðhald og hann teldi að stefnandi hafi reynt að sinna því eins vel og hún hafi getað og hafi leitað aðstoðar fagaðila, en það væri meira en segja mætti um stefnda. Nánar aðspurður um hvað hann teldi um þörf á aðstoð fagaðila við umönnun drengjanna, taldi hann að B þyrfti að fara í talþjálfun, en A væri kannski ærslafullur en hann teldi að það myndi lagast með aldrinum, en auðvitað væri betra að fagaðilar kæmu að málum beggja drengjanna. Þá gat hann þess að drengirnir hefðu verið að tala um það við sig að pabbi þeirra hefði verið að leita á þá kynferðislega og kvaðst hann halda að það væri aðalatriðið í málinu. Aðspurður um að eftir honum væri haft í yfirmatsgerð að hann gengi drengjunum í föður stað, kvaðst hann aldrei hafa sagt það, en hann sé vinur þeirra og þeir séu háðir honum því hann tali við þá og leiki við þá. Hann kvaðst eiga erfitt með að svara því hve stóru hlutverki hann gegndi í lífi drengjanna, en hann væri fyrst og fremst vinur þeirra og svaraði spurningum þeirra og veitti þeim ráðleggingar ef þeir leituðu eftir þeim. Aðspurður um afstöðu sína til umgengni drengjanna við föður sinn fengi stefnandi forsjá þeirra kvaðst hann í ljósi þess hvernig stefndi hafi hagað sér og að drengirnir hafi talað um að hann hafi leitað á þá kynferðislega gæti hann ekki séð að stefndi ætti nokkuð að koma nálægt þeim.

Í aðilaskýrslu sinni fyrir dómi kvaðst stefndi starfa við húsamálun, búa í eigin húsnæði með þokkalegar tekjur. Hann búi í sex herbergja blokkaríbúð, þar sem hver hafi sitt herbergi. Hverfið sé barnvænt og það sé skóli við hliðina. Kvaðst hann vera í sambúð við F og eigi þau eitt barn saman. Kvaðst stefndi hafa verið í sambúð með stefnanda en henni hafi lokið þegar A hafi verið ellefu mánaða og samskiptin hafi verið ágæt þá. Þau hafi tekið sameiginlega ákvörðun um að skilja. Þá hafi stefnandi verið ólétt af B. Tveim þremur mánuðum eftir skilnaðinn hafi komið hnökrar í samskiptin og hafi það verið á báða bóga. Hann kvaðst hafa byrjað að taka A í umgengni strax en B um átta mánaða aldur. Alltaf hafi verið regluleg umgengni um aðra hverja helgi. Þetta hafi gengið mjög vel fram að sumri 2006, en þá hafi orðið breytingar til hins verra. Hafi stefnandi þá farið að væna stefnda um samskiptaörðugleika. Það hafi verið haldinn fundur hjá fjölskyldumiðstöð Reykjavíkurborgar og þar hafi komið fram ásakanir stefnanda í garð stefnda um erfiðleika í samskiptum. Ágreiningur hafi verið meðal annars um sumarleyfi drengjanna. Hann hafi talið að þau hafi skilið nokkuð sátt eftir þennan fund, en þetta hafi ekki hætt og smám saman hafi byrjað þessi umgengnishömlun í ágúst 2006. Honum hafi ekki verið gefnar neinar ástæður fyrir þessu. Stefnandi hafi virst honum vera á báðum áttum um hvort hann fengi drengina eða ekki þangað til hún hafi tekið ákvörðun um að hann fengi þá ekki. Stefnandi hafi ekki fengið neinar skýringar á þessu. Kvaðst stefndi hafa leitað til sýslumanns til að koma á umgengni á að nýju og hafi meðal annars viljað fá sáttameðferð, en því hafi alltaf verið hafnað af hálfu stefnanda. Stefnandi kvaðst ekki hafa verið í samskiptum við stefnanda sjálfa. Hann hafi ekki haft neitt símanúmer til að hringja í og hafi hann ekki einu sinni vitað að hún hafi flutt. Eftir að stefnandi hafi flutt að R hafi stefndi ekki vitað hvar þau bjuggu í einn og hálfan mánuð. Kvaðst hann stefnanda hafa mörg leyninúmer, fjögur eða fimm. Stefnandi kvaðst lítil samskipti hafa haft við I önnur en þau að hann hafi rífið síma af stefnanda, þegar stefndi hafi verið að tala við hana og verið með stólpakjafi við stefnda. Aðspurður um hvað I hafi verið að segja kvaðst hann það vera „helvítis fíflíð þitt“ og að hann fái ekki börnin, en að öðru leyti væri

það ekki hafandi eftir. Kvað stefndi ekki hafa fengið neina umgengni frá ágúst 2006 til júlí 2007. Kvaðst hann hafa gert tilraunir til að nálgast drengina með því að hafa samband við leikskóla og skóla og þeir hafi tekið honum opnum örmum. Síðan hafi stefnandi gefið leyfi til að hann hitti þá í skólanum. Kvað hann að það hefðu verið fagnaðarlæti þegar hann hafi hitt þá í skólanum. Kannast stefndi ekki við að hafa orðið var við reiði eða hræðslu drengjanna við sig. Í kjölfar dóms Hæstaréttar hafi hann og stefnandi hist á Húsasmiðjuplaninu í [...] til að fyrsta umgengni gæti farið fram og þá hafi hún sagt að strákarnir væru veikir og kæmu ekki. Hafi hún skilið við hann með „fokkmerki“ og farið. Næst hafi náðst samkomulag um að móðir stefnanda væri viðstödd þegar strákarnir færu. Þá kvaðst stefndi hafa upplifað það þannig að þegar strákarnir hafi komið aftur þá hafi verið eins og þeir hefðu aldrei farið og hafi þeir fallið beint inn í heimilislífið. Síðan hafi umgengni verið nokkuð regluleg og í raun mikið meiri en dómur Hæstaréttar kveði á um. Stefndi kvað strákunum líða mjög vel á heimili hans og að hann hafi aldrei orðið var við þá hræðslu og reiði í sinn garð sem stefnandi haldi fram. Þá kvaðst hann ekki telja að drengirnir ættu við þau hegðunarvandamál að stríða sem kæmi fram í gögnum. Félagsþroska A væri ábótavant, þannig að hann héldi sig til hlés í samskiptum við önnur börn og þetta væri eitthvað sem þyrfti að byggja upp. B ætti aftur á móti ekki við þennan vanda að stríða, en hjá honum sé það þroskinn. Hann samsvari kannski fjögurra ára krakka. Stefndi kvaðst vera í góðu sambandi við fjölskyldu stefnanda. Hafi móðir hennar haft samband við sig og óskað eftir að fá að hafa samskipti við strákana í gegn um hann og hafi stefndi talið það sjálfsagt. Þá hafi faðir stefnanda og systir einnig samband og óskuðu eftir umgengni við strákana í gegn um hann. Nánar aðspurður um tilfinningatengsl sín við drengina kvaðst hann nátengdur þeim og þeir leituðu mikið til hans. Þá væri sambýliskona hans mjög nán þeim, hún geri mikið með þeim, baki með þeim, fari með þeim í leikhús og leiki við þá. Þá taki þau þátt í afmælum og samkomum. Þá væru drengirnir nátengdir G hálfbróður sínum. Stefndi kvaðst hafa tekið þátt í nánast öllu félagsstarfi í skóla drengjanna, utan að hann hafi ekki komið á námskynningu í upphafi skóalárs nú síðast. Nánar aðspurður um hvort hann teldi að drengirnir þyrftu á meðferðarúrræðum eða aðstoð að halda kvað stefndi að þeir þyrftu það. Hann kvaðst ekki hafa gert eitthvað í þessu af eigin frumkvæði en hann hafi samþykkt BUGL. Kvað hann öllu erfiðara fyrir sig að gera þetta þar sem drengirnir séu meira hjá móður. Hann kvaðst aðspurður ekki hafa neinar skýringar á því hvers vegna drengirnir hafi sagt að hann sé vondur við þá og að A hafi sagt að hann meiði hann í tippinu. Hann kvaðst ekki hafa meitt A í tippinu, en varðandi það að vera vondur þá gæti hann ekki skilgreint það hvort um væri að ræða að hann væri vondur vegna þess að hann tæki af honum tölvuleik eða væri að segja honum að sinna heimanámi eða af einhverjum öðrum ástæðum. Aðspurður kvaðst stefndi hafa staðið fyrir tilkynningum til barnaverndaryfirvalda vegna stefnanda. Hann hafi hringt og talað um umgengnishömlur og að hann teldi að það væri vanræksla á heimilinu. Það hafi ekki tengst I, því á þeim tíma hafi hann ekki þekkt hann neitt. Hafi hann þurft að hringja í mann og annan til að afla sér upplýsinga um hvað væri í gangi. Það sé mjög erfitt að vita nokkuð um þetta heimili þar sem það sé ómerkt og lokað. Hann kvaðst vita það um I að hann komi frá Q eins og hann sjálfur og að sögur væru sögur og að hann ætlaði ekki að fara að segja þær fyrir dómnum. Stefndi staðfesti að hann hefði fengið dóm árið 1992 fyrir að stela bruggtækjum af lögreglustöð. Nánar aðspurður um hvað væri mat stefnda á því hvaða hjálp drengirnir þyrftu varðandi erfiðleika sína og hvort þeir yfirleitt þyrftu aðstoð, kvað hann A vera að standa sig ágætlega á mörgum sviðum, en hann myndi vilja sjá að hann tæki meiri þátt í félagsstarfi t.d. skátum eða einhverju sambærilegu. Síðan þurfi að efla hann í

námi, en það hafi orðið gríðarlegur árangur í því í vetur eftir að þau hafi farið að einbeita sér að stuðningi við það. B þurfi að hans dómi að fara í meira þroskamát svo betur sé unnt að gera sér grein fyrir því hverju hann þurfi á að halda. Hann telji að B þyrfti að fara í skóla þar sem væru litlir bekkir og mikið aðhald að einstaklingnum. Þá kvaðst hann telja að A sé í ábyrgðarhlutverki gagnvart móður sinni og þá þannig að hann vorkenni henni, eins og hann hafi heyrt að títt sé um skilnaðarbörn. Honum finnst oft eins og A stjórni heimili móður sinnar, ef hann segi eitthvað þá sé farið eftir því. Það sé spurning hversu skynsamlegt það sé. Aðspurður um það á hvað hann legði áherslu í sambandi við að örva drengina, kvaðst hann leggja áherslu á mikla samveru, tómsundur, t.d. að spila á heimilinu, sem þau geri mikið af. Þau baki saman, fari í skógarferðir og í veiðitúra. Svo séu þau að tala og ríma og svoleiðis. Varðandi B þá hafi talið batnað hjá honum, en hann sé með einstaklega góðan leikskólakennara sem hafi unnið mikið starf í því. Vilji hann fylgja þessu eftir. Stefndi kvað bræðurna vera mjög tengda og að þeir tengdust einnig G bróður sínum sterkum böndum. Aðspurður um það hvernig hann sæi fyrir sér umgengni ef hann fengi forsjána kvaðst hann vilja bjóða aðra hverja helgi frá fimmtudegi til mánudags. Hafi hann sjálfur verið með það á tímabili og hafi líkað vel. Tíminn sem hafi verið ákveðinn annan hvern miðvikudag væri of stuttur til að eitthvað væri hægt að gera. Taldi hann að sama ætti að eiga við ef stefnandi fengi forsjána. Aðspurður um samskipti við Barnavernd Reykjavíkur vegna drengjanna þá kvaðst hann hafa verið í símasamskiptum við starfsmann þar og hafi boðið viðkomandi að koma til sín, en að öðru leyti hafi hann ekki verið í miklum samskiptum og að hann hafi ekki verið boðaður til funda hjá Barnavernd Reykjavíkur ennþá.

F, sambýliskona stefnda, bar vitni fyrir dómnum. Kvaðst hún starfa sem innkaupafulltrúi hjá nafngreindu fyrirtæki og vinni frá átta til fjögur. Hafi hún fengið vilyrði frá vinnuveitanda sínum um að ef stefndi fái forsjá drengjanna muni hún stytta vinnutímum til að mæta auknu álagi á heimilið. Á heimili þeirra búi einnig G, þriggja ára sonur hennar og stefnda. Kvað hún tengsl drengjanna þriggja mjög góð og nán. Gangi henni vel að ná sambandi við drengina, einkum B, en aldrei séu nein vandræði við samskipti við A heldur. F kvað þau gera mjög mikið saman, í sund, út að hjóla, fjöruferðir, að veiða og séu þau mikið saman og geri mjög mikið þegar strákarnir séu hjá þeim. Aðspurð um það hvernig drengjunum virðist líða þegar þeir séu hjá þeim kvað hún þá vera mjög sátta og ánægð. Kvaðst hún ekki kannast við að þeir væru reiðir eða hræddir eða eitthvað slíkt. F kvað hafa gengið mjög vel hvað varðaði drengina þegar þeir hafi komið að nýju í umgengni eftir dóm Hæstaréttar. Þeir hafi farið beint inn í herbergi að leika sér eins og þeir hefðu bara komið síðast fyrir nokkrum dögum og hafi þetta komið henni á óvart þar sem svo langur tími hafi liðið frá því þeir hafi komið síðast. Hafi drengirnir verið mjög ánægðir. F kvað gagnkvæm sterk tengsl á milli drengjanna og G litla bróður þeirra. Umgengni hafi í seinni tíð verið mun meiri en dómur Hæstaréttar geri ráð fyrir. Þá kvað hún að umgengni hafi fallið niður í einn mánuð þegar yfirmatsgerð hafi verið í vinnslu og hafi það verið sagt vegna veikinda. F staðfesti að hún hefði tekið saman dómskjál nr. 90 sem greinir frá hvenær drengirnir hafi verið hjá henni og stefnda í umgengni frá febrúar á þessu ári. Hún kvaðst engin samskipti hafa haft við stefnanda eftir að umgengni hafi komist á að nýju og ekki heldur við I. Hún kvaðst hafa um það leyti sem mál þetta hafi byrjað hafa haft samskipti við I í síma en hann hafi eiginlega bara verið að öskra á hana. Þetta hafi tengst eitthvað sumarleyfisáformum með drengina og hafi I sagt að F og stefndi ættu að láta þau í friði. Kvað F að hún og stefndi væru í mjög góðu sambandi við fjölskyldur beggja,

einkum fjölskyldu stefnda sem búi á Q. Foreldrar F búi á S og fari þau því aðeins öðru hvoru til þeirra. Hún kvaðst eiga stóran vinahóp og þar sé mikill samgangur á milli og vinir hennar séu flestir komnir með börn. F lýsti því einnig að þau stefndi væru í sambandi við fjölskyldu stefnanda og hafi þau umgengist drengina hjá þeim. Aðspurð kvaðst hún ekki hafa staðið fyrir tilkynningum til barnaverndaryfirvalda vegna aðstæðna drengjanna, en vissi til að stefndi hefði gert það í byrjun málsins. Hún viti ekki til annarra tilkynninga. Aðspurð um hvort hún hefði orðið vör við þroskavandamál hjá drengjunum kvað hún að þeir væru svolítið seinir til og að A hafi ekki gengið vel í námi og hann sé kannski dálítið hvatvís. Hún kvað þó yfirleitt ganga mjög vel hjá honum, einkum ef þau væru með ákveðnar reglur og ramma, en síður ef þau slaki á því. Um það hvort hún teldi nauðsynlegt að drengirnir fái aðstoð kvað hún að stefndi hefði verið í sambandi við skóla A og þar telji menn að A standi sig ekki nógu vel og líði ekki nógu vel. Þeim stefnda þyki sjálfsagt, finnist skólafyrirvöldum hann þurfa aðstoð, að fara og sjá hvað sé hægt að gera. Hún kvaðst ekki átta sig á því hvað A hafi átt við þegar hann hafi sagt í könnunarviðtali í Barnahúsi að „[f] væri ekki góð því hún tæki í höndina hans“. Aðspurð um það hverju það myndi breyta fengi stefndi forsjána og börnum fjölgaði svo á heimilinu, kvað hún að það myndi auðvitað breyta miklu en drengirnir séu búnir að vera töluvert hjá þeim og það hafi gengið ótrúlega vel og eftir því sem þeir séu lengur því betur gangi. Hún kvaðst treysta sér vel í þetta, hún væri úr stórrí fjölskyldu og þætti ágætt að hafa líf og fjör.

Móðir stefnanda, T, bar vitni fyrir dómnum. Vitnið staðfesti að það væri ekki í neinu sambandi við stefnanda og telur ástæður þess eiga rætur að rekja til veru I á heimili stefnanda. Lýsir vitnið erfiðum samskiptum við I. Vitnið staðfesti að það hefði staðið fyrir barnaverndartilkynningum vegna drengjanna. Þá staðfesti vitnið að það hefði aðeins haft samskipti við drengina hjá stefnda. Kannaðist vitnið ekki við að drengirnir hefðu sýnt ótta eða reiði í garð stefnda og að ekki yrði annað séð en að þeir hefðu það gott á því heimili.

Faðir stefnanda, H, bar vitni fyrir dómnum og staðfesti fyrir sitt leyti árekstra í samskiptum við I og að ekkert samband væri milli hans og stefnanda nú.

Fyrir dóminn kom einnig sem vitni systir stefnanda, U og bar með svipuðum hætti um rof á samskiptum í kjölfar þess að I hafi flutt á heimili stefnanda.

Auk þeirra sem að framan er getið gáfu vitnaskýrslu fyrir dómnum Valgerður Magnúsdóttir, sálfræðingur, en hún var dómkvödd sem matsmaður í málinu, Gunnar Hrafn Birgisson og Oddi Erlingsson, klínískir sálfræðingar en þeir framkvæmdu yfirmat. Er vikið að framburði matsmanna eins og þurfa þykir þegar grein verður gerð fyrir niðurstöðum matsgerðar hér síðar. Þá kom fyrir dóminn O, fyrrverandi vinkona stefnanda, V, bróðir stefnda, X og Y, en tveir síðastöldu eru vinir stefnanda. Þykir ekki ástæða til að rekja vitnisburði þeirra sérstaklega.

III.

Í máli þessu liggur fyrir mikið magn gagna sem aflað hefur verið að ósk aðila en með tilhlutan dómsins frá Barnavernd Reykjavíkur og Þjónustumiðstöð P.

Nauðsynlegt þykir að rekja í tímaröð helstu gögn málsins er varða afskipti barnverndaryfirvalda og annarra sérfræðinga af málefnum drengjanna og aðdraganda þeirra, sem og helstu atriði varðandi meðferð málsins fyrir dóminum.

[...]

IV.

Þann 30. apríl 2007 var Valgerður Magnúsdóttir sálfræðingur dómkvödd til að fjalla um nánar tilgreinda níu matsþætti, sbr. matsbeiðni. Er matsgerð hennar dagsett 9. nóvember 2007.

Stefnandi krafðist yfirmats með matsbeiðni 10. desember 2007 og liggur yfirmatsgerð þeirra Gunnars Hrafns Birgissonar og Odda Erlingssonar, klínískra sálfræðinga, fyrir í málinu og er dagsett 21. apríl 2008. Voru í yfirmati endurskoðaðir átta af þeim níu matsliðum sem metnir voru undirmati. Verður hér á eftir gerð grein fyrir niðurstöðum matsgerða um einstaka matsliði, fyrst undirmatsgerðar og síðan niðurstaða yfirmatsgerðar um sömu atriði, en í skýrslugjöf sinni fyrir dómi kváðu yfirmatsmenn að þeir hefðu í yfirmatsgerð bætt við það sem þeir töldu vanta og leiðrétt það sem þeir töldu rangt en féllust á niðurstöðu undirmats að öðru leyti.

Í upphafi niðurstöðukafla undirmatsgerðar setur matsmaður fram samantekt um drengina.

Kemur þar fram að A sé þá sjö ára og B fimm og hálfis árs. Báðir hafi þeir sérstakar þarfir og bíði eftir nánari greiningu. Samkvæmt niðurstöðu athugunar Miðstöðvar heilsuverndar barna vorið 2006 hafi verið uppi margvíslegar áhyggjur af A og hafi verið lögð drög að úrræðum. Í ágúst hafi móðir tilkynnt um grunsemdir um kynferðislegt ofbeldi gagnvart drengjunum af hendi föður þeirra. Þeir hafi farið í viðtal í Barnahús en málinu hafi verið lokað því ekkert hafi komið fram sem leitt hafi líkum að því. Umgengni við föður hafi fallið niður samkvæmt ákvörðun móður frá ágúst 2006 og fram í júní 2007. Í nóvember 2006 hafi móðir leitað aðstoðar hjá bráðapjónustu BUGL vegna þess að hún hafi ekkert ráðið við A sem þá hafi verið nýorðinn sex ára og hafi sýnt móður sinni ofbeldi. BUGL hafi tilkynnt málið til Barnaverndar Reykjavíkur. L-skóli hafi veitt A mikla aðstoð á þessum tíma en staða hans hafi verið mjög slök og hann hafi oft komið of seint í skólann. Skólinn hafi haft miklar áhyggjur af honum og hafi tilkynnt þær til Barnaverndar, en einnig um ógnandi framkomu í garð starfsmanna skólans af hálfu sambýlismanns móður. Skömmu síðar hafi móðir sagt A lagðan í einelti af skólanum og hafi fengið hann fluttan í annan skóla í næsta hverfi um áramót. Samráðsfundur þessara aðila hafi verið haldnir og mælt með lyfjagjöf og innlögn á BUGL, sem móðir hafi afþakkað. Hún hafi einnig afþakkað aðstoð við sig frá Hvíta bandinu. Ekkert virðist hafa orðið af frekara mati hjá Miðstöð heilsuverndar barna. Undir vorið 2007 hafi komist á samvinna við móður um að nota sér „stuðninginn heim“, sem sé uppeldisráðgjöf og hafi hún skilað árangri. Aðra aðstoð fyrir sjálfa sig samkvæmt samningum um meðferðaráætlun við Barnavernd Reykjavíkur hafi hún ekki nýtt

sér. Matsmanni þyki sú skýring hennar að hún hafi ekki tíma varla standast. Þegar B sé kominn inn í leikskólann hafi hún skólatíma strákanna til eigin nota. Fram komi í gögnum að aðbúnaður af hendi heimilis hafi verið nokkuð góður í haust og skólinn greini frá miklum framförum A í samskiptum sem bendi til þess að honum líði betur en í fyrra.

Samkvæmt lýsingu leikskólans Z á stöðu B frá vorinu 2006 megi sjá að hann sé eirðarlaus og stjórnsamur, óskýr í tali og bregðist illa við ef hann skiljist ekki, verði stundum mjög reiður og missi stjórn á sér ef hlutirnir séu ekki eftir hans höfði. Samskipti við móður hafi gengið vel. Frekari upplýsingar liggi ekki fyrir og hann hafi hætt á Z um sumarfrí 2007 til þess að flytjast á leikskólann Þ í skólahverfi A. Hann hafi ekki fengið að byrja þar vegna manneklu og hefjist aðlögun nú í byrjun nóvember 2007. Ekki hafi því verið hægt að fá nýjar upplýsingar um hann.

Af framangreindum upplýsingum telur matsmaður að sjáist að uppeldi drengjanna þurfi að sinna af kostgæfni, bæði í skóla og á heimilum þeirra. Fyllsta ástæða sé til að undirstrika hve mikilvægt daglegt líf sé við að leiða hegðun þeirra í æskilegan farveg og stuðla að vellíðan þeirra með verkefnum sem hæfi getu þeirra og efla þroskann. Mikilvægt sé að heildarsýn sé höfð á aðstæður þeirra og sértækri aðstoð komið við eftir bestu getu. Til þess að svo geti verið sé samfella mikilvæg og einnig að stórar breytingar á aðstæðum þeirra séu aðeins gerðar að vel athuguðu máli og þannig að fyrir þeim séu gild rök.

Verður nú gerð grein fyrir niðurstöðum um einstaka matsliði:

1. Matsmaður var í fyrsta lagi beðinn að gefa álit á forsjarhæfni foreldra, þ.á.m. helstu persónuleikaeinkennum þeirra, tilfinningaástandi og tengslahæfni.

Matsmaður kveður niðurstöður persónuleikaprófs stefnanda ekki gefa til kynna geðræna sjúkdóma eða einkenni. Hún gefi af sér jákvæða mynd, sem algengt sé í forsjardeilum, en einnig hafi verið vissar vísbendingar um vanlíðan, Samkvæmt niðurstöðum virðist hún hafa gott sjálfstraust, vera félagslynd og njóta athygli. Hún sé í vörn og þurfi að túlka niðurstöður með vissum fyrirvara. Fjandskapur og beiskja sem þar komi fram eigi samsvörun í samskiptum hennar við annað fólk, en að öðru leyti virðist niðurstöðurnar ekki sérlega trúverðugar. Stefnandi greini frá lítilli streitu í lífi sínu, sem séu ótrúverðugar niðurstöður þegar staðið sé í forsjardeilu, fjárhagsvandamálum, barnaverndarmáli í vinnslu og ósætti við nánustu ættingja, auk þess að eiga tvö börn sem bíði eftir greiningum vegna sérstakra þarfa. Þunglyndis hafi alls ekki gætt í niðurstöðum og tortryggni hafi verið undir klínískum mörkum. En verulega bresti megi lesa út úr sögu stefnanda, framkomu hennar við fólk og dómgreindarleysi hennar á margt í málflutningi sínum og ákvarðanatöku.

Stefnandi hafi virkað nokkuð óörugg í viðtölum, tortryggin í garð margra þeirra aðila sem talið hafi borist að og einnig hafi gætt ýmissa þversagna í frásögn hennar. Nánast strax og umgengni drengjanna hafi hafist að nýju við föður sinn eftir að hafa legið niðri í tíu mánuði vegna ásakanna hennar hafi hún farið að biðja hann um að hafa þá meira en dómur hafi kveðið á um. Þá hafi hún ekki breytt framburði sínum um að það væri ekki gott fyrir þá að vera þar og þeim liði illa þegar þeir kæmu frá föður sínum. Þegar hún hafi verið spurð um hvernig þeim liði

Þegar þeir kæmu frá honum segði hún þá hafa fengið martraðir og að þeir pissuðu undir á nýjan leik. Þegar hún hafi verið spurð af hverju hún óskaði eftir að hann hefði þá meira en samkvæmt dóminum hafi hún sagst vilja sýna að hún standi ekki í vegi fyrir því að þeir umgangist föður sinn. Líklegra megi telja, að mati matsmanns, að hinn aukni tími hafi þjónað hagsmunum stefnanda.

Dómgreind stefnanda virðist stundum takmörkuð, t.d. þegar hún hafi sagt A vera næstum læsan. Matsmaður hafi séð að A hafi ekki einu sinni kunnað stafina í nafninu sínu. Stefnandi hafi virst mjög tortryggin og hafi sýnt ofsóknarkennd. Aðstoð sérfræðinga hafi hún sagt ekki hafa nýst sér vel til að taka á andlegu og líkamlegu heilsufari, heldur séu hennar eigin aðferðir og stuðningur vina hennar betri. „Stuðningurinn heim“ sé þarna undantekning og hafi greinilega nýst vel. Einnig hafi komið fram hjá henni sterk tilhneiging til að kenna öðrum um erfiðleika, s.s. að L-skóli hafi lagt A í einelti. Tortryggni stefnanda beinist einnig að öðrum. Hún hafi lýst nærveru I á heimili sínu s.l. vetur eins og nauðsynlegt hefði verið að hafa vakt vegna hættu sem stafað hafi af stefnda og I kynni sig sem lífvörð. Stefnandi hafi slitið sambandi við foreldra sína og systur og segi þau ekki standa með sér og hafi skrökvað upp á sig. Skýrt komi fram í viðtölum við foreldra hennar að þau hafi lagt sig fram um að reynast henni vel og aðstoða á margvíslegan hátt, bæði fjárhagslega og við uppeldi strákanna. Þau hafi bæði miklar áhyggjur af þeim. Tilhneiging stefnanda til einangrunar sé augljós. Erfitt sé að hafa samband við hana. Símanúmer hennar sé ekki skráð og engar merkingar um fjölskyldu hennar sé að finna í anddyri. Hún hafi um langan tíma ekki svarað skilaboðum matsmanns um að hafa samband þótt hún væri stefnandi í forsjármálinu, og sé slíkt afar óvenjulegt. Hún hafi skýrt málið þannig eftir á að þegar drengirnir hafi verið hjá föður sínum í sumarleyfi hafi hún viljað nota tímann til að byggja sig upp. N-skóli hafi átt erfitt með að ná í hana í haust vegna breytinga á símanúmerum og tölvupósti sem hún hafi ekki upplýst um. Það verði að teljast alvarlegt í ljósi vandamála A í skólanum. Stefnandi lýsi hlutverki I á heimilinu þannig að hann sé vinur sem sé þar mikið en drengirnir líti á hann, að mati matsmanns, sem einn af fjölskyldunni.

Þetta lífsmynstur, mikið af leyndarmálum og lokað á samskipti við nánustu ættingja, bendi til þess að verið sé að fela eitthvað. Ekki liggi fyrir óyggjandi upplýsingar um neyslu vímuefna hjá þeim, en þau hegði sér óneitanlega eins og fólk geri þegar það sé að fela slíkt. Tortryggni af framangreindu tagi, óleyst ágreiningsmál og lokun gagnvart fjölskyldu ásamt lýsingu stefnanda á sér sem miklum einstæðingi í uppvexti bendi einnig til erfiðleika hennar með myndun og viðhald náinna tengsla.

Umsagnir skóla og leikskóla séu um margt jákvæðar í garð stefnanda. En leyndarmál, vandamál í samskiptum, barnaverndarafskipti og tregða sem hún hafi sýnt gagnvart vandamálum drengjanna dragi úr forsjárhæfni hennar. Einnig dragi úr forsjárhæfni hennar hvernig hún hafi lokað á umgengni drengjanna við föður sinn. Ásakanir um kynferðisbrot hafi verið til meðferðar hjá Barnahúsi og málinu verið lokað þar fljótlega, en umgengni hafi ekki hafist að nýju fyrr en löngu seinna og þá eftir dóm Hæstaréttar.

Niðurstöður persónuleikaprófs stefnda sýni að hann gefi nokkuð jákvæða mynd af sér. Hann hafi góða og jákvæða sjálfsmynd og takist vel á við verkefni daglegs lífs. Hann lýsi hlédrægni og að samskipti séu honum ekki alltaf auðveld, en

að hann sé nokkuð sáttur við sjálfan sig. Niðurstöður séu í góðu samræmi við framkomu stefnda og þá mynd sem samstarf hans við matsmann hafi gefið af honum. Framkoma hans hafi einkennst af ró og einlægni og öll samskipti við hann hafi gengið mjög vel. Málflutningur hans og framkoma hafi sýnt að honum þyki mjög vænt um drengina sína, hafi haft áhyggjur af þroska þeirra og vilji hafa hagsmuni þeirra í fyrirrúmi. Hann virðist vel fær um að mynda tengsl við fólk og samskipti hans og drengjanna hafi gengið vel frá fyrstu stundu þegar þau hafi verið tekin upp að nýju eftir heils árs hlé og miklar ásakanir á hendur honum. Forsjárhæfni stefnda sé mjög góð.

Í niðurstöðu yfirmatsgerðar um þennan matslið kveðast yfirmatsmenn taka undir lýsingar af foreldrum sem fram komi í undirmati á persónuleikaeinkennum, tilfinningaástandi og tengslahæfni þeirra. Hvað stefnanda varði telji þeir hana hæfa til að fara með forsjá drengjanna og hæfari til þess en fram komu í undirmati. Byggi það einkum á því, eins og fram komi nánar síðar, að drengirnir séu mjög tengdir henni og líði vel hjá henni. Þar að auki komi fram í nýjum gögnum málsins að stefnandi hafi staðið sig vel og lagt sig fram um að sinna drengjunum, finna út úr vanda þeirra og hafi verið í góðri samvinnu við fagfólk og kennara varðandi það. Líklegt megi telja að tortryggni stefnanda stýri að einhverju leyti þeim vanda sem skapast hafi í samskiptum hennar við föður drengjanna og dragi úr stuðningi sem hún að öðrum kosti gæti fengið hjá fjölskyldu sinni. Hvað föður varði telji yfirmatsmenn hann hæfan til að fara með forsjá drengjanna. Hann hafi ekki átt frumkvæði að því að drengirnir færu í áframhaldandi greiningar og stuðning. Engu að síður sé hann jákvæður fyrir því, fylgist að nokkru leyti með og hafi áhuga á meiri þátttöku.

2. Þá var leitað mats á því hvernig háttað væri tilfinningalegu sambandi og tengslum milli hvors foreldris og barnanna og hver skilningur þeirra á þörfum barnanna sé.

Í niðurstöðu undirmats greinir að tilfinningalegt samband barna við foreldra sína sé fyrst og fremst metið út frá svörum barnanna á fjölskyldutengslaprófi, frásögnum og framkomu sem matsmaður verði vitni að. Augljóst sé að báðum foreldrunum þyki mjög vænt um drengina sína. Þegar drengirnir hafi komið með móður sinni til matsmanns hafi A teiknað þá bræðurna, móður og vin hennar sem fjölskyldu sína, en báðir hafi þeir bara talað um það sem þeir geri hjá föður sínum, um hálfbróður sinn og veiðiskap með pabba. Þegar þeir hafi komið með föður sínum hafi þeir gert fjölskyldutengslapróf sem komið hafi mun jákvæðar út gagnvart föður og konu hans en móður þeirra.

Niðurstöður tengslaprófa beggja foreldra séu gildar og jákvæðar. Bæði séu þau vel meðvituð um þroskavandamál drengjanna og mikilvægi þess að þeim sé sinnt vel. Klínísk frávík séu meiri í niðurstöðum matslista móður en föður, sem megi telja eðlilegt því móðir hafi borið meiri þunga af daglegu lífi þeirra. Einnig hafi föður gengið betur að setja þeim mörk og þá verði vandamál minni. Hjá báðum komi skýrt fram hve mikið þurfi að virkja báða drengina. Móðir virðist að mörgu leyti hafa ágætan skilning á þörfum drengjanna, en hún hafi sýnt mikið skilningsleysi gagnvart úrræðum með því að hafna aðstoð BUGL fyrir A og einnig með því að stunda vinnu utan skólatíma drengjanna. Móðir hafi einnig sýnt skilningsleysi gagnvart þörfum drengjanna fyrir umgengni við föður sinn þegar hún hafi stöðvað umgengni um langan tíma á hægnum forsendum. Föður sé umhugað

um að virkja sterkar hliðar strákanna og áhuga þeirra og augljóst hafi verið á málflutningi hans hve tíminn án umgengni hafi verið honum erfiður. Aðgerðir hans hafi miðast að því að róa málin niður af því að hann hafi talið það þjóna hagsmunum strákanna best.

Ekki liggi fyrir upplýsingar um eðli eineltis skólans í [...] sem stefnandi segi orsök þess að hún hafi fengið A fluttan í N-skóla um áramót á fyrsta vetri hans í grunnskóla, eftir að hann hafi einnig flutt milli skóla í byrjun skólaársins vegna flutnings fjölskyldunnar. Líklegt megi telja að örðugleikar í samstarfi skóla og heimilis skipti þar máli, sem og að skólinn hafi sent barnaverndartilkynningu. Því sé líklegt að tortryggni móður hafi leitt til seinni flutnings drengsins.

Í yfirmatsgerð greinir um sama matslið að ólíkt því sem fram komi í undirmati þá mælist tengsl drengjanna við móður nú mun jákvæðari og sterkari en við föður. Ástæður gætu verið ýmsar. Í gegnum árin hafi móðir verið aðaluppalandi drengjanna og prófið sem mæli þessi tengsl hafi nú verið lagt fyrir þegar drengirnir hafi verið hjá móður sinni. Áður hafi það verið gert þegar þeir hafi verið hjá föður. Drengjunum virðist líða vel hjá báðum foreldrum sem endurspeglar í þessum prófaniðurstöðum. Niðurstöðurnar litist af því hvar þeir séu þegar prófið sé lagt fyrir. Almenn séð hafi foreldrarnir góðan skilning á andlegum og líkamlegum þörfum drengjanna og sinni þeim vel þó þau fari ólíkt að. Móðirin leggi mikla áherslu á að sinna vanda drengjanna vel og skapa þeim öryggi heima fyrir, en virðist leggja minni áherslu á að sinna þörfum þeirra fyrir virkni út á við utan heimilis. Undantekningar séu þó á þessu. Faðir þeirra leggi kapp á að sinna áhugamálum, líkamsrækt og vina- og fjölskyldutengslum sem móðirin sinni mun minna. Báðir foreldrarnir taki of mikið mark á því sem drengirnir segi um hitt foreldrið og hætti til að túlka það neikvætt, sem ýti undir misskilning og misklið á milli foreldra. Faðir sé líklegri til að sinna umgengni drengjanna betur við hitt foreldrið fái hann forsjána heldur en móðir, sem virðist óþarflega hrædd við að treysta föður fyrir börnunum.

Yfirmatsmenn telji ekki auðsætt að tortryggni móður hafi verið aðalástæða þess að móðir hafi flutt eldri drenginn í nýjan skóla.

3. Óskað var mats á félagslegum aðstæðum og persónulegum högum foreldra.

Í undirmatsgerð segir að stefnandi hafi búið í leiguíbúð á vegum Félagshúsa í eitt ár og sótt um flutning í skólahverfi drengjanna, en óljóst sé hvenær af því verði. Hún hafi verið óvinnufær frá árinu 2004 en sé nú byrjuð að vinna á veitingastað á kvöldin og um helgar. Tekjur hennar byggi á tekjum fyrir þá vinnu og örorkubótum. Synir hennar hafi skilgreint vin hennar sem fjölskyldumeðlim, en hún segist ekki vera í sambúð. Þess vegna hafi ekki verið talað við hann. Segja verði að fjölskylduaðstæður hennar hvað þetta varði séu ekki skýrar fyrir matsmanni, en ítarlegum spurningum hafi hún svarað á þann veg að maðurinn búi annarsstaðar og ekki hjá sér. Hún hafi ekki samband við fjölskyldu sína og það fólk hafi lítið eða ekkert séð þennan mann. Um framtíðaráform sín hafi hún sagst ætla að mennta sig meira, en hún hafi frestað því. Hún vilji einnig losna af örorkubótum.

Stefndi og F kona hans hafi verið í sambúð í nokkur ár og búi í eigin íbúð nálægt skóla og leikskóla. Tekjur þeirra séu ágætar og F hyggist draga úr vinnu fáa stefndi forsjána. Ekki hafi verið nefndar aðrar fyrirhugaðar breytingar á högum þeirra. Samband þeirra virðist mjög gott sem og tengsl þeirra við fjölskyldur sínar.

Í niðurstöðu yfirmatsgerðar um þennan matslið segir að frá undirmati sé engu við að bæta öðru en því að stefnandi vinni ekki lengur á veitingastað og hafi fengið vinnu við fasteignasölu. Greinilegt sé að I, vinur stefnanda, hafi jákvæð áhrif á drengina og þeir tengist honum sterkum böndum, en óráðið sé um samband hans og móður varðandi framtíðina. Hjá föður sé meiri stöðugleiki í fjölskylduaðstæðum, hann njóti aðstoðar F, konu sinnar, sem hafi tengst drengjunum vel og sinnt þeim. Faðir leggi rækt við að drengirnir tengist fjölskyldum þeirra bæði föður og móður megin.

4. Þá var óskað mats á því hvernig háttáð væri uppeldisaðstæðum fyrir börnin hjá hvoru foreldri fyrir sig.

Í niðurstöðu undirmatsgerðar greinir að núverandi uppeldisaðstæður drengjanna hjá móður sinni séu þannig að hún hafi nýlega fengið aðstoð frá „Stuðningurinn heim“, til að ná betri tókum á uppeldisaðferðum eftir að veruleg vandamál hafi gert vart við sig og bæði skólar drengjanna og aðrir aðilar hafi haft þungar áhyggjur. Henni virðist ganga ágætlega að fylgja eftir reglum sínum og hafi náð hluta markmiða sem sett hafi verið með því að hafa meðtekið ýmis uppeldisráð. Samskipti hennar og strákanna sem matsmaður hafi orðið vitni að hafi gengið ljómandi vel. Ekki sé ljóst hversu dugleg stefnandi sé að virkja drengina á jákvæðan hátt í þroskavænlegum leikjum og öðrum athöfnum. Það komi fram hjá henni að hún sé jákvæð út í hversu duglegur stefndi sé að gera ýmislegt með þeim en telji hann gera meira en gott sé af slíku.

Uppeldisumhverfi hjá stefnanda sé einangrandi fyrir drengina. Hún hafi stöðvað umgengni þeirra við föður í tíu mánuði og hafi umgengni ekki hafist að nýju fyrr en eftir dóm Hæstaréttar. Hún einangri nú drengina frá skyldfólki sínu og erfitt virðist geta verið fyrir aðra að ná sambandi við þá, sbr. tilraunir móður skólalabróður A sem hafi viljað bjóða A í afmælið sitt. Fjölskylduhagur stefnanda séu óljósir fyrir drengina. Hún segist eiga vin, en strákarnir telji hann með fjölskyldunni.

Um uppeldisaðstæður hjá föður sé það að segja að hann og kona hans hafi búið í nokkur ár á sama stað í barnvænu hverfi. Stöðugleiki ríki hjá þeim og þau séu samhent um hagsmuni drengjanna og þátttöku sína í uppeldi þeirra. Þau hafi bæði tekið vel á málum gagnvart þeim þegar matsmaður hafi séð til. Heimili þeirra standi ættingjum stefnanda opið til að hitta drengina. Samskipti strákanna og föður þeirra í heimsókn til matsmanns hafi gengið mjög vel og hafi verið sérlega hlýleg. Það komi skýrt fram að hann hafi ánægju af að virkja þá í útivist og athöfnum, svo sem að veiða, og honum finnst nauðsynlegt fyrir drengina að hafa góð viðfangsefni sem auki á þroska þeirra. Engar vísbendingar hafi komið fram um að stefndi og kona hans væri vond við drengina.

Í yfirmatsgerð segir að yfirmatsmenn hafi ekki athugasemdir við þennan kafla í niðurstöðum undirmats aðrar en þær að stefnandi virðist vera byrjuð að rjúfa

einangrun drengjanna með því að fara eftir leiðbeiningum fagfólks.

5. Þá var óskað mats á tengslum barnanna innbyrðis.

Í niðurstöðu undirmatsgerðar segir að tengsl milli bræðranna virðist vera eins og gengur og gerist hjá systkinum. Þeir séu á líkum aldri, mikið saman og stundum slettist upp á venskapinn. Fjölskyldutengslapróf A sýni neikvæðar tilfinningar í garð B, en hann hafi talað fallega um hann sem litla bróður sinn þegar hann hafi teiknað mynd af fjölskyldunni. Fjölskyldutengslapróf B sýni bæði jákvæðar og neikvæðar tilfinningar í garð A.

Í niðurstöðu yfirmatsgerðar er tekið undir að bræðurnir myndi eðlileg systkinatengsl, en einnig sé ljóst að kært sé á milli þeirra og G hálfbróður þeirra.

6. Einnig var óskað mats á stöðu barnanna í félagslegu tilliti, þ.m.t. áhrif umhverfisbreytinga á þau.

Um þennan matslið segir í niðurstöðu undirmatsgerðar að A sé ungur í árinu, hafi komið félagslega vanþroska inn í fyrsta bekk grunnskóla, hafi flutt og skipt um skóla og um það leyti hafi móðir hans lokað á umgengni hans við föður sinn. Auk þess hafi hann þurft að skipta aftur um skóla í miðjum fyrsta bekk. Ekki þurfi að undra að drengnum hafi ekki gengið of vel. Áhyggjur hafi nú minnkað af félagslegri stöðu hans og námsframvindu og hafi honum farið mikið fram í samskiptum.

Hegðun B sé oft erfið samkvæmt upplýsingum frá fyrri leikskóla og nú í nóvember byrji hann á nýjum leikskóla. Ekki sé vitað hvernig honum muni líða þar. Næsta vetur eigi hann að byrja í grunnskóla, þannig að það skipti miklu máli að tíminn fram að því nýtist honum vel til þroska.

Þetta séu drengir sem þurfi mikinn og góðan stuðning frá umhverfi sínu ásamt miklum stöðugleika. Það sé nauðsynlegt að hrófla sem minnst við þeim þegar aðstæður þeirra séu góðar, nema sýnt sé að ávinningur sé af því til lengri tíma litið.

Í yfirmatsgerð segir um þennan matslið að báðir drengirnir séu mjög viðkvæmir fyrir breytingum vegna þroskavanda þeirra og þar á ofan hafi verið mikill óstöðugleiki á síðustu árum í lífi þeirra, svo sem flutningar, rof á umgengni og skólaskipti. Ekki sé umflúið að breytingar verði á högum þeirra hvernig sem málinu lykti, þar sem móðir áformi að flytja í skólhverfi drengjanna.

7. Þá er óskað mats á tengslaneti og liðsinni vandamanna hvors foreldris fyrir sig.

Í niðurstöðu undirmatsgerðar segir að tengslanet móður byggist á vini hennar sem sé mikið á heimilinu og gæti drengjanna þegar hún sé í vinnu. Aðrir sem hún tilgreini séu vinir hans. Hún hafi ekki samband við ættingja sína. Tengslanet föður byggist á sambýliskonu hans, foreldrum beggja og systkinum, sem þau segja boðin og búin að aðstoða þau. Einnig megi segja að foreldrar stefnanda og systir tilheyri tengslaneti föður, a.m.k. eins og staðan sé núna. Tengslanet föður sé því mun sterkara en móður.

Ekki var í yfirmatsbeiðni óskað yfirmats á þessum matslið.

8. Einnig var óskað eftir skoðun á vilja og afstöðu barnanna til þess hjá hvoru foreldra sinna þau kjósi að búa, að rætt yrði við börnin og lögð fyrir þau hefðbundin sálfræðiþróf í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Í niðurstöðu undirmats greinir að drengirnir séu of ungir til þess að vilji þeirra og afstaða sé rædd við þá með beinum hætti. Þeim þyki greinilega mjög vænt um báða foreldra sína. Frumkvæði þeirra að samræðum hafi snúist í bæði skiptin sem þeir hafi verið með matsmanni í einrúmi, um það sem þeir geri hjá föður. Niðurstöður fjölskyldutengslaprófs séu mun jákvæðari í garð föður en móður og séu einnig jákvæðar í garð annarra á heimili hans. Þetta telji matsmaður endurspeglar jákvæðari afstöðu í garð föður en móður.

Í yfirmatsgerð greinir að af samtölum yfirmatsmanna, tengslaprófi og skoðun á samskiptum foreldra og barna á heimilum þeirra sé ljóst að drengjunum líði vel hjá báðum foreldrum sínum. Þá hlakki til að fara til þeirra beggja og tali vel um þau bæði. Þeir virðist engu að síður ívið jákvæðari fyrir veru sinni hjá móður.

9. Þá var loks óskað mats á því hvort það samræmdist betur hagsmunum barnanna að forsjá þeirra yrði hjá móður eða föður.

Í undirmatsgerð kemur fram að matsmaður telji báða foreldrana hæfa til að fara með forsjá drengjanna, en telji föður mun betur til þess fallinn. Hann taki hagsmuni drengjanna alvarlegar en móðir.

Í yfirmatsgerð greinir að matsmenn séu sammála niðurstöðu undirmats um að báðir foreldrar teljist hæfir til að fara með forsjá drengjanna. Þá taka þeir fram að það sé mat þeirra að báðir foreldrar virðist til jafns taka hagsmuni drengjanna alvarlega.

Í undirmatsgerð kemur í lokin fram að móðir hafi hamlað drengjunum umgengni við föður sinn í tíu mánuði og hafi því ekki viðhaldið eðlilegri umgengni þann tíma. Telji matsmaður að faðir muni viðhalda eðlilegri umgengni við móður fá hann forsjána. Þá er ítrekað að báðir foreldrar séu hæfir til að fara með forsjá. Mörg atriði dragi úr forsjárhæfni móður en forsjárhæfni föður sé mjög góð. Þessi ályktun byggir á stöðugra og skýrara fjölskyldulífi og fjárhagslegri afkomu hjá föður, öflugra tengslaneti og sterkari skilningi hans á þörfum drengjanna. Einnig byggir hún á því sem staðfest hafi verið um ákvarðanir móður sem vinni gegn hagsmunum drengjanna. Ýmis atriði séu óljós í uppeldisaðstæðum móður, t.d. sé sterkur grunur um vímuefnaneyslu, sem þó sé óstaðfestur. Staðfesting á slíku myndi draga úr forsjárhæfni hennar.

Í lokaorðum yfirmatsgerðar segir að matsmenn telji mikilvægt að samvinna náist á milli foreldranna og að friður myndist um drengina. Við þær aðstæður sem hafi ríkt hafi verið erfitt fyrir drengina að fara á milli heimilanna, þeim líðið illa við það á tímabilum og þeir hefi lent í vandræðum með að tjá sig eðlilega. Svo virðist sem foreldrar hafi ekki enn náð að komast út úr gömlum væringum. Þau vanmeti hvort annað, vantreysti hvort öðru og yfirsjáist góðir hlutir sem hitt foreldrið geri drengjunum. Yfirmatsmenn telji brýnt að foreldrar reyni að treysta hvort öðru betur

fyrir drengjunum sem þau beri sameiginlega ábyrgð á.

V.

Stefnandi kveðst byggja kröfu sína á því að það sé sonum hennar fyrir bestu að hún fari með forsjá þeirra, sbr. 2. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 76/2003. Að mati stefnanda hafi hún fremur en stefndi þá persónulegu eiginleika sem til þurfi til að sinna forsjá drengjanna enda hafi hún verið aðal umönnunaraðili þeirra frá fæðingu.

Þá byggi stefnandi á því að drengirnir séu nánir og háðir hvor öðrum, auk þess sem þeir séu mjög nánir henni. Þá séu aðstæður stefnanda til að ala önn fyrir drengjunum mjög góðar. Hún búi ein með drengina í félagslegri leiguíbúð.

Í stefnu kemur fram að stefnandi búi í Æ og hafi engar áætlanir um að flytja þaðan, sé húsnæði hennar traust og öruggt. Eldri drengurinn sé byrjaður í skóla og sé í 1. bekk í L-skóla. Yngri drengurinn sé á leikskólanum Z. Sé líðan drengjanna í skóla og leikskóla góð og aðbúnaður þeirra allur til fyrirmyndar. Stefnandi hafi leitað eftir staðfestingu á því frá skólanum og leikskólanum, en neitað hafi verið um svör og sé því farið fram á að dómari afli slíkra umsagna.

Eins og nánar er rakið síðar bjó stefnandi við dómtöku málsins í Ö og A sækir N-skóla og áætla stefnandi að B muni hefja nám í 1. bekk í þeim skóla í haust.

Stefnandi kveður sig vera öryrkja eftir tvö nokkuð alvarlega bílslys og vinni því ekki úti. Heilsa hennar sé þó ágæt. Hún njóti örorkubóta frá Tryggingastofnun og framfleyti sér og drengjunum með þeim tekjum. Hún hafi góðan og rúman tíma til að sinna sonum sínum og umönnun þeirra. Tengsl stefnanda við fjölskyldu sína séu misgóð. Hún hafi þó mikið samband við systur sína og einnig eigi hún stóran og traustan vinahóp sem hún hafi mikil samskipti við.

Jafnframt kveðst stefnandi byggja á því að samskipti stefnda við synina séu verulegum annmörkum háð. Meðferð málsins hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi sýnt að atvik sem upp hafi komið í umgengni hjá stefnda séu alvarleg og þess eðlis að stefnandi treysti sér ekki til að viðhalda sameiginlegri forsjá vegna drengjanna. Þá hafi stefnandi tekið fyrir umgengni drengjanna við stefnda á grundvelli þessa og líðan og afstöðu drengjanna vegna umgengninnar. Þannig geri stefnandi þá kröfu að dómari úrskurði um inntak umgengni samkvæmt 4. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 76/2003 að umgengni verði einungis lágmarksumgengni og ávallt undir eftirliti barnaverndaryfirvalda.

Um varnarþing vísar stefnandi til 1. mgr. 37. gr. barnalaga nr. 76/2003, um kröfu um málskostnað til XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum 130. gr. og um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun til laga nr. 50/1988.

Þá áskilur stefnandi sér rétt til að koma fram nýjum málsástæðum og kröfum allt fram að dómtöku málsins, sbr. 41. gr. barnalaga nr. 76/2003.

VI.

Í greinargerð stefnda kemur fram að hann byggi kröfu sína um forsjá drengjanna á því að með þeim hætti væri velferð þeirra best tryggð. Á heimili hans ríki öryggi og ástúð og sú festa sem tryggi börnum góða líðan. Það sé ljóst af gögnum þeim sem liggja fyrir í málinu að drengirnir séu í miklu ójafnvægi og telji stefndi það stafa af ástandi því sem nú ríki á heimili stefnanda. Drengirnir hafi ævinlega sótt til hans og verið hændir að honum meðan þeir hafi mátt það fyrir móður sinni og milli þeirra feðganna hafi verið náð samband. Sambýliskona sín sé traustur og ástúðlegur uppalandi og drengirnir hafi verið mjög hændir að litla bróður sínum. Stefndi hafi góðar heimilisaðstæður og sér herbergi fyrir hvorn dreng sem bíði eftir þeim.

Stefndi kveðst lýsa því yfir að fái hann forsjá drengjanna muni þeir fá mjög ríflegan umgengnisrétt við móður sína og óski hann sérstaklega eftir tillögum hvað það snerti. Telji stefndi engan vafa leika á því að það sé drengjunum fyrir bestu að hann fái forsjá þeirra, sbr. 34. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Kröfu um málskostnað kveðst stefndi byggja á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála, 129. og 130. gr. og um virðisaukaskatt á lögum nr. 50/1988 og kröfu sína um umgengni kveður hann byggða á 34. gr. barnalaga nr. 76/2003.

VII.

Í 2. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 76/2003 kemur fram sú meginregla að dómari kveði á um hjá hvoru foreldra forsjá barns verði eftir því sem barni er fyrir bestu. Eru hagsmunir barnsins því í forgrunni. Þá kemur fram í 3. mgr. sömu lagagreinar að við úrlausn máls um forsjá skuli m.a. líta til þess, hvort foreldri sem krefjist forsjár barns síns hafi verið tálmuð umgengni við barnið. Felst í síðastnefndri reglu sérstök árétting á þeim grundvallarréttindum barns að fá að þekkja og njóta umgengni við báða foreldra sína og er þessu sjónarmiði veitt sérstakt vægi í barnalögum. Þurfa ríkir hagsmunir barns að liggja fyrir til að vikið verði frá þessari reglu.

Í máli þessu liggur fyrir að foreldrar fara með sameiginlega forsjá samkvæmt samkomulagi þar um og eiga B og A lögheimili hjá stefnanda og hún hefur verið aðalumönnunaraðili þeirra. Virðast samskipti málsaðila vegna drengjanna hafa að mestu verið í þokkalegu horfi þar til á árinu 2006. Í ágúst það ár stöðvaði stefnandi umgengni stefnda við drengina og stóð sú tálmun yfir þar til dómur féll í Hæstarétti 4. júní 2007, þar sem staðfest var niðurstaða héraðsdóms um nánar tiltekna umgengni stefnda við drengina. Rekur stefndi upphaf vandamála í samskiptum til þess að nafngreindur maður hafi flutt inn á heimili stefnanda. Undir það taka foreldrar stefnanda, sem og systir hennar og liggur fyrir að stefnandi hefur tekið fyrir samskipti við þau. Stefndi á hinn bóginn telur að upphaf vandamála þeirra megi rekja til þess að hún hafi lýst grunsemdum sínum um að drengirnir hafi sætt kynferðislegu ofbeldi á heimili stefnda. Þá hafi drengirnir sýnt mikinn ótta og reiði í garð föður síns og hafi þeir neitað að fara til hans.

Fram hefur komið að aðilar eru sammála um að ekki komi til greina að aðskilja drengina og eru að mati dómsins ekki efni til að ganga gegn þeim vilja þeirra. Verður því ekki frekar hugað að sjónarmiðum sem stutt gætu slíka niðurstöðu.

Niðurstöður matsgerða eru raktar hér að framan með ítarlegum hætti, en eins og þar greinir var það niðurstaða undirmats að stefndi væri hæfari til að hafa forsjá drengjanna. Niðurstaða yfirmats um þetta atriði er hagstæðari í garð stefnanda að þessu leyti en setur hana þó ekki ofar stefnda. Þá er hér að framan gerð grein fyrir afskiptum barnaverndaryfirvalda af málefnum drengjanna frá árinu 2006. Fyrir liggur það álit fagaðila að báðir drengirnir eiga við alvarleg vandamál að stríða varðandi hegðun og námsgetu. Hefur til dæmis legið fyrir lengi það mat sérfræðinga að A þurfi að fá frekari greiningu á vandamálum sínum og í því skyni lagt til að hann legðist inn á BUGL. Stefndi gerði grein fyrir því áliti sínu í framburði fyrir dómi að hún vildi ekki að A legðist inn, en taldi að hann ætti að fá dagþjónustu og að það sé ástæða þess að hún hafi ekki þegið umrædda þjónustu. Þetta sagði stefndi í kjölfar þess að hún lýsti því yfir að hún myndi hlíta ráðum sérfræðinga fengi hún forsjá drengjanna. Þar hún um það að hún sem móðir drengjanna hlyti að þekkja hvað væri þeim fyrir bestu. Gætir hér nokkurra mótsagna í afstöðu hennar og framburði, en það er mjög í samræmi við þá afstöðu sem hún hefur látið í ljósi fyrr og sjá má í gögnum málsins. Hefur hún ítrekað samþykkt að gripið yrði til tiltekinna úrræða en ekki staðið við þegar á hefur þurft að reyna. Fyrir dóminum liggja gögn um að barnaverndarmál, vegna aðbúnaðar drengjanna á heimili stefnanda, hafi verið endurupptekið á þeim grundvelli að hún hefði ekki verið til þeirrar samvinnu sem þeir starfsmenn Þjónustumiðstöðvar P sem að málum hennar komu töldu nauðsynlega. Í yfirmati kemur fram að stefndi sé hæfari til að til að fara með forsjá drengjanna en komi fram í undirmati. Byggi það einkum á því að drengirnir séu mjög tengdir henni og líði vel hjá henni. Þar að auki komi fram í nýjum gögnum málsins að stefndi hafi staðið sig vel og lagt sig fram um að sinna drengjunum, finna út úr vanda þeirra og hafi verið í góðri samvinnu við fagfólk og kennara varðandi það. Í ljósi fyrrgreindra upplýsinga um endurupptöku barnaverndarmálsins sem ekki lágu fyrir yfirmatsmönnum verður að telja að forsendur séu í það minnst að hluta brostnar fyrir þeirri ályktun yfirmatsmanna sem vitnað er til.

Matsgerðum ber saman um forsjárhæfni föður í nánast öllum atriðum. Verður ekki séð að yfirmatsmenn halli á hann í nokkru frá undirmati, utan að taka fram að hann hafi ekki átt frumkvæði að frekari greiningu drengjanna, en taka jafnframt fram að hann sé jákvæður fyrir slíku. Liggur því fyrir staðfest með báðum matsgerðum að stefndi hefur sterk tengsl við syni sína, hefur skilning á erfiðleikum þeirra, býr við traustar aðstæður og stöðugleika í heimilislífi, nýtur stuðnings sambýliskonu sinnar við umönnun drengjanna, sem og stuðnings frá fjölskyldu sinni og fjölskyldu stefnanda. Kemur fram að hann leggi áherslu á samband drengjanna við fjölskylduna bæði móður og föður megin og að drengirnir eigi samskipti og stundi áhugamál utan heimilis. Þá hefur verið sýnt fram á að drengirnir tengjast sambýliskonu hans sterkum böndum og að hún hefur lýst sig tilbúna til að draga úr vinnu sinni til að hafa rýmri tíma til að sinna drengjunum fái stefndi forsjána. Þá er upplýst um sterk tengsl drengjanna við hálfbróður sinn, son stefnda og sambýliskonu hans. Einnig má sjá af gögnum málsins að ekki hafa verið hnökrar á þegar stefndi hefur komið að samskiptum við fagfólk í tengslum við

drengina, en af gögnum má einnig sjá að stefnandi hefur haft tilhneigingu til að leggjast gegn aðkomu stefnda að slíkum málum. Það er mat dómsins að allar aðstæður stefnda, sem nánar er lýst í niðurstöðum matsgerða, séu hagsmunum drengjanna sérstaklega hagstæðar í ljósi þeirra erfiðleika sem þeir hafa átt við að stríða og sé afstaða hans sem og heimilisaðstæður til þess fallnar að veita drengjunum þá ytri örvun sem þeir þurfi á að halda til að vinna sig upp úr erfiðleikum sínum.

Um forsjárhæfni stefnanda ríkir hins vegar að mati dómsins verulegur vafi og verður ekki talið að niðurstaða yfirmatsgerðar hafi hnekkst því mati undirmatsmanns þegar á heildina er litið. Fyrir liggja viðvarandi afskipti barnverndaryfirvalda frá árinu 2006, sem ekki er enn lokið. Varða þessi afskipti að meginstefnu atriði er varða stefnanda en ekki stefnda. Hefur ekkert komið fram sem styður ásakanir hennar um kynferðislegt ofbeldi stefnda í garð drengjanna. Þá fá fullyrðingar hennar um að drengirnir vilji ekki fara til föður síns, séu hræddir við hann og reiðir út í hann, enga stoð í gögnum málsins eða í áliti þeirra sérfræðinga sem að málinu hafa komið. Bendir þvert á móti allt til hins gagnstæða eins og að framan er rakið. Stefnandi hefur í framburði sínum fyrir dómi látið þau orð falla að hún muni ekki standa í vegi fyrir umgengni drengjanna við föður sinn vilji þeir það, en jafnframt ítrekað getið þess að hún telji að drengirnir og þá sérstaklega A vilji ekki fara til hans. Eru þessi orð hennar í samræmi við afstöðu sem hún áður hefur lýst og benda ekki til að hún muni stuðla að eðlilegri umgengni við stefnda fái hún forræði drengjanna. Stefnandi stöðvaði umgengni drengjanna við föður sinn um tíu mánaða skeið á forsendum sem ekki reyndist fótur fyrir, en telja verður að það hafi legið fyrir mörgum mánuðum áður en hún lét af umgengnishömlum sínum. Verður ekki talið að endurnýjuð beiðni um könnunarviðtal í Barnahúsi byggji á traustari grunni en upphaflegar fullyrðingar stefnanda um ætlaða kynferðislega misnotkun, enda liggja fyrir ítarlegar matsgerðir þriggja dómkvaddra sérfræðinga sem ekki fundu neinar vísbendingar um að þessar fullyrðingar stefnanda ættu við rök að styðjast. Lét stefnandi ekki af umgengnishömlum sínum fyrr en fyrir lá dómur Hæstaréttar sem mælti fyrir um umgengni stefnda við drengina. Stefnandi staðfesti í aðilaskýrslu sinni þá fullyrðingu stefnda að drengirnir hafi frá þeim tíma verið í mun meiri umgengni hjá honum en dómurinn mælti fyrir um. Bendir það ekki til þess að stefnandi hafi í raun talið að drengjunum stafaði ógn af stefnda. Þá liggur fyrir samkvæmt niðurstöðum matsgerða að stefnandi hefur ríka tilhneigingu til að einangra sig og drengina frá umhverfinu og sýnir mikla tortryggni gagnvart öðru fólki. Telja sérfróðir meðdómendur að þessi einangrun sé ekki heppileg fyrir drengina í ljósi þeirra erfiðleika sem þeir eiga við að stríða og meðal annars sýni ekki nægan skilning á nauðsyn samvinnu við skóla og aðra fagaðila.

Að mati dómsins ber allt að sama brunni í máli þessu og verður að telja að þegar af þeim ástæðum sem að framan eru raktar og í ljósi niðurstöðu yfirmatsgerðar, að teknu tilliti til þeirra sérstöku þarfa sem drengirnir hafa, að það sé drengjunum báðum fyrir bestu að stefndi hafi forsjá þeirra. Er það mat dómsins að önnur niðurstaða sé í raun ekki tæk ef unnt á að vera að tryggja frið og samvinnu um hagsmuni drengjanna og velferð. Þykir ekki nauðsynlegt til stuðnings þessari niðurstöðu að taka afstöðu til fullyrðinga stefnda um ætluð neikvæð áhrif vinar stefnanda, I, á heimili hennar, en ávirðingar um ætlaða fíkniefnaneyslu á heimilinu verður að telja ósannaðar.

Uppi er krafa um að dómurinn ákveði umgengni við það foreldri sem ekki fái forsjána. Þykir eðlilegt að stefnandi hafi umgengni við syni sína aðra hverja viku frá fimmtudagssíðdegi til mánudagsmorguns, þannig að hún sæki þá að loknum skóla á fimmtudegi og skili þeim í skóla á mánudegi þann tíma sem skóli stendur. Þá hafi stefnandi umgengni í fjórar vikur í sumarleyfi, en aðilar hafi samvinnu um nánara fyrirkomulag.

Þá verður tekin til greina krafa stefnda um að stefnanda verði gert að greiða einfalt meðlag með drengjunum frá dómsuppsögu til 18 ára aldurs þeirra.

Með hagsmuni drengjanna í huga þykir rétt að mæla fyrir um í dómi þessum að áfrýjun hans fresti ekki réttaráhrifum hans, sbr. 1. mgr. 44. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Í ljósi þessarar niðurstöðu verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað sem þykir í ljósi atvika og umfangs málsins hæfilega ákveðinn að teknu tilliti til virðisaukaskatts eins og nánar greinir í dómsorði.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði og er þar með talin málflutningsþóknun lögmanna hennar, Daggar Pálsdóttur hæstaréttarlögmans og Oddgeirs Einarssonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin að meðtöldum virðisaukaskatti til hvors þeirra fyrir sig eins og nánar greinir í dómsorði.

Halldór Björnsson settur héraðsdómari, Álfheiður Steinþórsdóttir, sálfræðingur og Helgi Viborg, sálfræðingur kveða upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, M, skal fara með forsjá B og A, sona hans og stefndu, K, til 18 ára aldurs drengjanna.

Stefnandi skal hafa umgengni við drengina aðra hverja viku frá fimmtudagssíðdegi til mánudagsmorguns, sem og í fjögurra vikna sumarleyfi.

Stefnandi greiði stefnda einfalt meðlag með báðum drengjunum eins og það er ákveðið af Tryggingastofnun ríkisins á hverjum tíma frá dómsuppsögu til 18 ára aldurs þeirra.

Stefnandi greiði stefnda 435.750 krónur í málskostnað.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun fyrri lögmans hennar Daggar Pálsdóttur hæstaréttarlögmans, 249.000 krónur, sem og málflutningsþóknun síðari lögmans hennar Oddgeirs Einarssonar héraðsdómslögmanns, 622.500 krónur.

Áfrýjun dómsins frestar ekki réttaráhrifum hans.

Halldór Björnsson

Álfheiður Steinþórsdóttir

Helgi Viborg